

Forsætisnefnd

**Afgreiðslubréf: Ályktunartillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknarflokks og Pírata um fyrirspurnir**

Á fundi stafræns ráðs þann 13. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi ályktunartillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknarflokks og Pírata sbr. 25 lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Það vekur sérstaka athygli að á dagskrá þessa fundar eru hvorki fleiri né færri en 16 mál sem tengjast fyrirspurnum frá einum borgarfulltrúa Flokks fólksins. Það hlýtur að vera einsdæmi á einum og sama fundinum og er lýsandi dæmi um þá miklu vinnu sem starfsfólk þjónustu- og nýsköpunarsviðs þarf að inna af hendi til að svara þeim mikla fjölda fyrirspurna sem berst frá umræddum borgarfulltrúa. Eðlilegt er að málið verði tekið upp á vettvangi forsætisnefndar og rætt hvort og þá hvernig sé rétt að bregðast við.

Tillagan var samþykkt.  
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

*Eva Pandora*

Eva Pandora Baldursdóttir,  
starfsmaður stafræns ráðs